

Reykjavík, 14. febrúar 2022
PON22020017

Til mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Samstarf í stafrænni umbreytingu sveitarfélaga 2022 - kostnaðaráætlun samstarfsverkefna.

Vísað er til bréfs, dagsett 7. október 2021, þar sem óskað er eftir þátttöku og framlagi til stafræns samstarfs sveitarfélaga á árinu 2022. Vísað er til fylgiskjala varðandi nánari upplýsingar um verkefnin og áætlaðra framlaga á hvert sveitarfélag. Skyldugreiðsla sveitarfélaga miðast við íbúafjölda ásamt fastri árlegri fjárhæð. Reykjavíkurborg greiðir ekki beint fjárframlag en leggur til vinnu sem og tilbúna lausnir.

Af þeim verkefnum sem eru á áætlun samstarfsins á þessu ári er gert ráð fyrir að Reykjavíkurborg tak beinan þátt í einu þeirra, þróun spjallmennis, en framlag borgarinnar til annarra verkefna verður þekking og/eða tilbúna lausnir þar sem borgin hefur þegar lokið eða er langt komin með önnur þau verkefni sem áformað er að ráðast í.

Virðingafyllst,



Karen María Jónsdóttir,
Skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra
Þjónustu- og nýsköpunarsvið Reykjavíkurborgar

Meðfylgjandi er bréf til allra sveitarfélaga um þátttöku og framlög til stafræns samstarfs, kynning á samstarfi sveitarfélaga í stafrænni umbreytingu, samþykktir og skipting fasts- og valkostnaðar eftir sveitarfélögum og yfirlit yfir sameiginleg verkefni sveitarfélaga í stafrænni umbreytingu árið 2022.



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 7. október 2021

2110006SA AGB

Málalykill: 01.82

Efni: Þátttaka og framlög til stafræns samstarfs sveitarfélaga 2022


Flest sveitarfélög hafa skuldbundið sig til að taka þátt í samstarfi sveitarfélaga um stafræna umbreytingu. Eins og kynnt var fyrir sveitarfélögum verður samstarfið fjármagnað annars vegar með skyldubundnu grunnframlagi sem rennur fyrst og fremst til þess að standa undir launakostnaði sérfræðinga í stafrænu umbreytingateymi sveitarfélaga, og hins vegar með framlögum til að standa straum af þróun og kaupum á lausnum. Nú liggur fyrir áætlun um slík stafræn verkefni ársins 2022 á grundvelli forkönnunar meðal sveitarfélaga. Tilgangur þessa bréfs er að kynna þessa áætlun fyrir sveitarfélögum, leita eftir þátttöku þeirra í þeim sem og að benda þeim á að gera ráð fyrir framlögum vegna þeirra og grunnframlags í fjárhagsáætlun 2022.

Verkefnin eru:

- Stafrænir innviðir
 - Microsoft leyfamál
 - Einfaldari skjalavistun
 - Rafræn skil til Þjóðskjalasafns
- Sameiginleg þjónustuþróun
 - Sameiginlegt spjallmenni
 - Umsókn um félagslegt leiguhúsnæði á Ísland.is
- Deiling og uppsetning opinna stafrænna lausna á stafræn.sveitarfélög.is.
 - Sorphirðudagatal, reiknivél leikskólagjalda, reiknivél húsnæðisstuðnings, reiknivél fasteignagjalda, reiknivél frístundagjalda, ábendingagátt

Vísað er til fylgiskjala varðandi nánari upplýsingar um verkefnin og áætlaðra framlaga á hvert sveitarfélag á annars vegar grunnframlagi og hins vegar verkefnaframlagi. Ljóst er að verkefni geta staðið og fallið með að fullnægjandi þátttaka sveitarfélaga náist og þar með fjármögnun. Leitað er eftir því að sveitarfélög skrái sig til þátttöku í verkefnum fyrir 1. nóvember nk. með tölvupósti til Fjólu Maríu Ágústsdóttur sem getur jafnframt svarað spurningum sem kunna að vakna.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Fylgiskjöl:

- Sameiginleg verkefni sveitarfélaga í stafrænni umbreytingu árið 2022
- Skipting kostnaðar vegna samvinnuverkefna og skipting fasts kostnaðar
- Kynning á samstarfi sveitarfélaga í stafrænni umbreytingu – Powerpoint skjal.
- Upptaka af vefráðstefnu: <https://stafraen.sveitarfelog.is/vefradstefna-2021-upptokur/>



Samband íslenskra
sveitarfélaga

Samstarf sveitarfélaga í stafrænni umbreytingu

Fjóla María Ágústsdóttir

Leiðtogi stafræns umbreytingarteymis





Samband íslenskra
sveitarfélaga

Stafrænt umbreytingarteymi

- ▶ Stefna og innviðaupbygging
- ▶ Samvinna sveitarfélaga
- ▶ Verkefnastýring

Stjórn sambands íslenskra
sveitarfélaga

Stafrænt ráð sveitarfélaga

Faghópur um stafræna
umbreytingu

Tækniarkitektúr
hópur

Öryggis- og
persónuverndar
hópur


Hlutverk stafræna ráðsins




Skapa traustari grunn fyrir markvissa forgangsröðun



Ráðleggja varðandi stefnumótun og ákvarðanatöku



Styrkja samstarf um stafræna framþróun



Stuðla að samhæfðri vinnu sveitarfélaga

Fulltrúar stafræna ráðsins



Elías Pétursson



Eydís Ásbjörnsdóttir



Sævar Freyr Þráinsson



Álfhildur Leifsdóttir



Óskar J. Sandholt



Áslaug Hulda Jónsdóttir



Friðrik Sigurbjörnsson



Kjartan Már Kjartansson



Jón Páll Hreinsson



Ingimar Þór Friðriksson

Faghópur

Skipulag

Hlutverk

Helstu verkefni

Faglegir fulltrúar
landshlutanna

Umræðuvettvangur og
veita stuðning

Aðstoðar við greiningu

Sérfræðingar sveitarfélaga í
stafrænum málum

Yfirsýn yfir stafræna þróun

Aðstoðar við þekkingar
miðlun

Leiðtogi stafræns
umbreytingarteymis hefur
umsjón með starfi hópsins

Setur fram tillögur

Stuðlar að samvinnu
sveitarfélaga

Stafrænt umbreytingarteymi



Fjóla María Ágústsdóttir



Andri Örn Víðisson



Hrund Valgeirsdóttir

Sýn samvinnu í stafrænni umbreytingu

Lækka kostnað sveitarfélaga með samvinnu um þróun stafrænnar þjónustu á miðlæga þjónustugátt.

Deila lausnum og þekkingu.

Samhæfa kröfur til gagna og gæða hugbúnaðar.

Ná fram skilvirkara vinnumhverfi með samhæfðum vinnubrögðum.

Kostnaðarpátttaka sveitarfélaga – 66 sveitarfélög eru með í samstarfinu

Stafrænt umbreytingarteymi sveitarfélaganna hjá sambandinu

Skyldugreiðsla sveitarfélaga

- A. Íbúafjöldi og
- B. Föst fjárhæð 200.000 kr. á hvert sveitarfélag
- C. Reykjavíkurborg leggur til vinnu og verkefni frá sínu stafræna teymi en greiðir ekki skv. A og B að öðru leyti

Kostnaður forgangsraðaðra verkefna

Valkvætt

2. **Valkvæð greiðsla sveitarfélaga:** Sveitarfélög skrá sig fyrir þátttöku í lausn sem er forrituð/keypt og miðast greiðslupátttaka við nr. 1 en einungis þau sveitarfélög sem skrá sig deila kostnaði
3. **Fyrirkomulag ef greiða á fyrir lausn eftirá.** Þau sveitarfélög sem vilja kaupa sig inn síðar geta keypt sig inn í lausnina. Greiðsla er út frá því hvað þau hefðu átt að greiða í upphafi, auk þess greiða þau premiu t.d. x 1,5

2019

Okt

Fyrsti starfsmaður fyrir samstarf sveitarfélaganna í stafrænni umbreytingu ráðinn

2020

Jan

Faghópur um stafræna umbreytingu stofnaður

Feb-Jún

Kynningar um stafræna umbreytingar fyrir öll sveitarfélögin

Apr-Jún

Greining á stafrænni stöðu þjónustuferla og greining á tækniinnviðum framkvæmd fyrir öll sveitarfélög

Maí

Ráðstefna um stafræna þróun

Jún

Tímabundið framlag veitt af ríkinu til að styðja samvinnu í stafrænni stjórnsýslu sveitarfélaga

Okt

Stafrænt ráð sveitarfélaganna stofnað

2021

Apr-Jún

Maí

Jún

Okt

Nóv

Feb

Apr

Greining á stafrænni stöðu þjónustuferla og greining á tækniinnviðum framkvæmd fyrir öll sveitarfélög

Ráðstefna um stafræna þróun

Tímabundið framlag veitt af ríkinu til að styðja samvinnu í stafrænni stjórnsýslu sveitarfélaga

Stafrænt ráð sveitarfélaganna stofnað

Umsókn um fjárhagsaðstoð valið og tæknihögun straumsins x-road valið sem brautryðjandaverkefni inn á Ísland.is fyrir fjárframlag ríkisins

Sveitarfélög samþykkja samstarf í stafrænni umbreytingu og fjármögnunarmodel og ákvörðunar- tökuferil forgangsröðunar verkefna

Verkefnið umsókn um fjárhagsaðstoð hefst í samstarfi við Kolibri og Anders inn á Ísland.is

2021

Okt

Stafrænt ráð
sveitarfélaganna
stofnað

Nóv

Umsókn um
fjárhagsaðstoð
valið og
tæknihögun
straumsins x-
road valið sem
brautryðjandaver
kefni inn á
Ísland.is fyrir
fjárframlag
ríkisins

Feb

Sveitarfélög
samþykkja
samstarf í
stafrænni
umbreytingu og
fjármögnunar-
módel og
ákvörðunar-
tökuferil
förgangsröðunar
verkefna

Apr

Verkefnið
umsókn um
fjárhagsaðstoð
hefst í samstarfi
við Kolibri og
Anders inn á
Ísland.is

Jún

Stafrænt
þróunarteymi
sveitarfélaganna
stofnað

Júl

Aðild Sambands
íslenskra
sveitarfélaga að
stefnu um
stafræna
þjónustu hins
opinbera


Sep

Vefráðstefna
sveitarfélaga um
stafræna
umbreytingu





hægt að deila skjánum sem er fyrir íbúa meðan



ferli fasteignagjalda

st í að greina innheimtuferli



rafrænar tímabóka

rabókanir gerðar aðg

argir sérfræðingar sem



Ílfvirknivæðing ferla með stafrænu

ma má stafrænt vinnuafli til þess að leysa



Rafrænar undirritanir



Framkvæmd og framsetning svæðis-,

Rafrænt skipulagsferli sem er aðgengilegt í



Úrgangskort í símann

Sveitarfélag getur veitt stafræna frími



Miðlæg gagnasöfnun og viðskiptagreind


Uppbygging sameiginlegs vöruhúss gagna þar



Rafræn skil opinberra gagna

Verkefnishugmynd um að vefþjónustutenging sé á

að spara



Aðgangur að miðlægu rafrænu

fræðslukerfi (námsumsjónarke



sveitarfélögin

is í samstarfi sveitarfélaga þ



Umsókn um þjónustu fyrir aldraða



Sundlaugarkort í snjallsíma

Lausn sem losar okkur við plastkort eða pappakort



Upplýsingar um vatnsveitur og fráveitur


Stafræn gátt þar sem hægt er að sjá stöðu



Rafrænir reikningar

Sending og móttaka rafrænna reikninga

Stafrænir innviðir



- Skilvirkara vinnuumhverfi
- Lægri kostnaður
- Hamingjusamara starfsfólk

Microsoft leyfismál

Markmið:

- Hagstæðari heildarsamningur sem býðst sveitarfélögum
- Sveitarfélög verði áfram rekstraraðilar að sínu umhverfi
- Auka öryggi gagna og bæta rekstur

Ávinningur:

- Hagkvæmari og virðismeiri samningar við Microsoft
- Leyfi sem sniðin eru að þörfum sveitarfélaga
- Nútímalegt vinnuumhverfi
- **Lægri kostnaður** fyrir betri leyfi

Tímalengd: 6 mánuðir
Verkefnastýring hjá SUT*
Aðkeypt vinna
Kostnaður: 12 milljónir

Einfaldari skjalavistun

Markmið:

- Skýrar gæða- og virknikröfur fyrir skjala- og málakerfi
- Sameiginleg sýn um flokkun gagna, skjalavinnslu og skjalavörslu

Ávinningur:

- Betri samningsstaða sveitarfélaga við birgja
- Skýrt samspil skjalavinnslu og skjalavörslu við Microsoft lausnir
- **Mikið hagræði og skilvirkari vinnubrögð**

Tímalengd: 6 mánuðir
Verkefnastýring hjá SUT*
Aðkeypt vinna
Kostnaður: 12 milljónir

Rafræn skil

Markmið:

- Gera rafræn skil að raunhæfum kosti fyrir sveitarfélög
- Minnka pappírmagn sem situr í skjalageymslum og grisja með leyfi Þjóðaskjalasafns
- Tryggja örugga geymslu gagna

Ávinningur:


- Minnka vinnu við skil gagna
- **Lægri kostnaður** við geymslu pappírs

Tímalengd: 6 mánuðir

Verkefnastýring hjá SUT*
Aðkeypt vinna
Kostnaður: 12 milljónir

*Stafrænt umbreytingarteymi- SUT

Sameiginleg þjónustupróun



Umsókn um
félagslegt
leiguhúsnæði
inn á Ísland.is



Betri þjónusta
Lægri þróunar,
hýsingar og
viðhalds kostnaður

Spjallmenni

Markmið:

- Hanna sameignlegan grunn spjallmennis
- Kaupa sameiginlega lausn sem aðlöguð er hverju sveitarfélagi
- Fleiri þjónustubeiðnir afgreiddar í fyrstu snertingu án aðkomu starfsfólks

Ávinningur:

- Bætt þjónusta
- Aukið aðgengi íbúa að upplýsingum og þjónustum sveitarfélaga
- Minna álag á starfsfólk
- Lækkun kostnaðar
- Upplifun í takti við nútímann og framtíðina

Tímarammi: 6 mánuðir
Verkefnastýring hjá SUT*
Aðkeypt vinna og aðkeypt lausn
Kostnaður: 30 milljónir

Umsókn um félagslegt leiguhúsnæði

Markmið:


- Hanna og þróa sameignlega sjálfsafgreiðslulausn sem nýtir innviði Ísland.is
- Hægt sé að gangsetja stafræna umsókn hjá hvaða sveitarfélagi sem er
- Gagnaöflun í gegnum strauminn (x-road)

Ávinningur:


- Lægri hönnunar og þróunarkostnaður
- Lægri hýsingar og viðhaldskostnaður
- Notendavæn lausn og betri þjónusta við íbúa

Tímarammi: 9 mánuðir
Verkefnastýring hjá SUT*
Aðkeypt þróunarteymi
Kostnaður: 40 milljónir


Miðlum og
deilum
Snjallar nettar
lausnir



Aukinn hraði
Betri þjónusta
Lægri kostnaður



Miðlum og
deilum
Leiðbeiningar
og reynslusögur



Aukinn hraði
Betri þjónusta
Lægri kostnaður



Miðlum og deilum snjöllum nettum lausnum inn á lausnartog stafraen.sveitarfelog.is

Markmið:

- Deila og fá snjallar nettar opnar lausnir miðlægt
- Samstarf um opnar nettar lausnir sveitarfélaga og birgja
- Gerast aðilar að Os2 deilisamstarfi sveitarfélaga í DK

Ávinningur:

- Miðlun þekkingar milli sveitarfélaga
- Betri þjónusta við íbúa
- Hraðari stafræn vegferð sveitarfélaga
- Lægri kostnaður sveitarfélaga

Tímarammi: 12 mánuðir

Verkefnastýring og vinna hjá SUT*

Kostnaður: 4 milljónir

Miðlum og deilum þekkingu og reynslu inn á kistan á [stafraen.sveitarfélög.is](http://stafraen.sveitarfelog.is)

Markmið:


- Miðla þekkingu miðlægt um stafræn úrlausnarefni
- Miðla reynslu af stafrænum lausnum milli sveitarfélaga
- Miðla upplýsingum og leiðbeiningum um rammasamninga sem nýtast sveitarfélögum í stafrænni umbreytingu
- Miðla upplýsingum um öryggi og persónuvernd í stafrænum verkefnum sveitarfélaga
- Afurðir greiningarverkefna gerðar aðgengilegar fyrir sveitarfélögin

Ávinningur:

- Betri stafræn umbreyting sveitarfélaga
- Lægri kostnaður sveitarfélaga

Tímarammi: 12 mánuðir

Ferðalagið framundan í samvinnuverkefnum



Fjárhagsmat forgangs- og samvinnuverkefna

Ósýnileg grunnverkefni	Microsoft rammasamningur	12 milljónir
	Einfaldari skjalamál	12 milljónir
	Rafræn skil	12 milljónir
	Spjallmenni	30 milljónir
„low hanging fruit“	Umsókn um félagslegt leiguhúsnæði	40 milljónir
	Lausnartorg og kistan á stafræn.sveitarfelog.is 6 snjallar nettar lausnir, fyrirmyndir samninga og skjala og leiðbeiningar	4 milljónir
	Fastur kostnaður við stafrænt umbreytingarteymi	45 milljónir
		155 milljónir

**Já, sveitarfélögin eru
klár í samstarf!**

Sameiginleg verkefni sveitarfélaga í stafrænni umbreytingu árið 2022

Hér að neðan er yfirlit yfir þau sameiginlegu stafrænu verkefni sem áætlað er að ráðast í á árinu 2022, enda náist fullnægjandi þátttaka sveitarfélag í þeim.

Áætlunin byggist á könnun meðal sveitarfélaga sem var send út í sumar sem skref í ákvörðunarferli um val á verkefnum. Þetta ákvörðunartökuberli hafði áður verið samþykkt af stafrænu ráði sveitarfélaganna og stjórn sambandsins. Verkefnishugmyndir voru flokkaðar í fimm flokka auk þess sem þátttakendur fengu tækifæri til að bæta við hugmyndum:

1. Útboð rammasamninga
2. Tilbúnaðarlausnir
3. Þróunarverkefni
4. Umsóknarferli og ferlaþróun
5. Snjallar nettarlausnir
6. Aðrar hugmyndir

Stafrænt umbreytingarteymi með aðstoð faghóps um stafræna umbreytingu mótaði verkefnatillögur út frá þeim verkefnum sem mest fylgi fengu í könnuninni og voru þær lagðar fyrir stafrænt ráð sveitarfélaganna þann 1. september sl. sem samþykkti að vinna þær áfram.

Umfangs- og verðmat verkefnatillagna var lagt fyrir á fundi stafræns ráðs þann 22. október þar sem það var samþykkt.

Verkefnatillögur samstarfsverkefna voru kynntar á ráðstefnu um samvinnu sveitarfélaga í stafrænni umbreytingu þann 29. September. <https://stafræn.sveitarfelog.is/vefradstefna-2021-upptokur/>

Forgangsverkefni samvinnu í stafrænni umbreytingu

Sýn sem mótast hefur sl. tvö ár í samvinnu sveitarfélaga í stafrænni umbreytingu er eftirfarandi:

Samstarf sveitarfélaga í stafrænni umbreytingu mun bæta þjónustu við íbúa, lækka kostnað og hraða stafrænni umbreytingu sveitarfélaga með samvinnu um þróun stafrænnar þjónustu á miðlæga þjónustugátt, samhæfðum kröfum til gagna og gæða hugbúnaðar og með deilingu lausna og þekkingar og mun ná fram skilvirkara vinnuumhverfi með samhæfðum vinnubrögðum.

Markmið:

- **Efla stafræna innviði** til að ná fram skilvirkara vinnuumhverfi fyrir starfsfólk sveitarfélaganna og lækka kostnað.
- **Fara í sameiginlega þjónustuþróun sjálfsafgreiðslulausna** inn á Ísland.is til að bæta þjónustu og lækka þróunar-, hýsingar- og viðhaldskostnað.
- **Miðla og deila þekkingu og opnum lausnum** á vefnum stafræn.sveitarfelog.is til að auka hraða stafrænnar umbreytingar sveitarfélaganna, bæta þjónustu við íbúa og lækka kostnað sveitarfélaga.



Forgangsverkefni í samvinnunni eru þau verkefni sem lagt hefur verið til að unnin verði á næsta ári til að uppfylla þessari sýn.

Stafrænir innviðir

Þrjú verkefni voru valin undir markmið að efla stafræna innviði. En þau eru verkefni Microsoft leyfamál, einfaldari skjalavistun og rafræn skil. Mikið samspil er milli þessara verkefna og hafa þau í raun sambærileg markmið. Ávinningur þessara verkefna sést ekki strax en getur orðið mjög mikill til lengri tíma lítið auk þess sem þessi verkefni munu veita grunn að stafrænum innviðum sveitarfélaga sem þurfa að vera í lagi til að byggja stafræna umbreytingu á. Þau munu skila skilvirkara vinnuumhverfi fyrir sveitarfélögin og mikil hagræðing er fólgin í þeim.

1. Microsoft leyfamál

Verkefnið snýst annars vegar um að greina leyfismál sveitarfélaga og hins vegar um að ná hagstæðari heildarsamningi sem býðst sveitarfélögum og þau geta nýtt sér til að kaupa Microsoft hugbúnaðarleyfi.

Markmið:

- Hagstæðari heildarsamningur sem býðst sveitarfélögum
- Sveitarfélög verði áfram rekstraraðilar að sínu umhverfi
- Auka öryggi gagna og bæta rekstur

Ávinningur:

- Hagkvæmari og virðismeiri samningar við Microsoft
- Leyfi sem sniðin eru að þörfum sveitarfélaga
- Nútímalegt vinnuumhverfi
- Lægri kostnaður fyrir betri leyfi

Verkefnið verði nálgast að einhverju leyti að danskri fyrirmynd þar sem hvert sveitarfélag getur verið sjálfstætt með sinn undirsamning og endursöluaðilar geta boðið í einstaka samninga innan rammasamningsins. Þá verði einnig leitast við að vinna saman að því að hagnýta þjónustu og ráðgjöf tengt málaflokknum, þannig að sveitarfélög geti deilt upplýsingum og ráðleggingum um hagnýtingu Microsoft lausna, skývæðingu o.s.frv.

Áskorun	Microsoft leyfismál eru flókin og kostnaðarsöm
Greining	Sveitarfélög eru á mismunandi stöðum í M365 skýjavæðingu og hugbúnaðarleyfismál geta verið mjög flókin og kostnaðarsöm í fjölbreyttu umhverfi.
Tillaga	Gerður verði sameiginlegur rammasamningur um Microsoft hugbúnaðarleyfi sem uppfylla þarfir og stöðu sveitarfélaganna
Nálgun	Sveitarfélögin vinni saman að því að deila upplýsingum um skývæðingu og innleiðingu á M365 lausnum.
Mælikvarði árangurs	Verð á hugbúnaðarleyfum á rammasamningi miðað við núverandi verð til sveitarfélaganna.



	Fjöldi sveitarfélaga sem taka fleiri skref í M365 skývæðingu.
Tímalengd	8 mánuðir
Framkvæmdaraðilar	Verkefnastýring stafræns umbreytingarteymis (SUT) með vinnuhópi frá sveitarfélögum og aðkeypt vinna.
Fjárfesting:	12 milljónir

2. Einfaldari skjalavistun

Við úrvinnslu tillögunnar var komist að þeirri niðurstöðu að vænlegast til árangurs væri að hafa áhrif á nútímavæðingu þeirra kerfa sem eru í notkun hjá sveitarfélögum, bæta samskipti við birgja og efla samnýtingu sérlausna með sameiginlegum gæða- og virkni kröfum fyrir skjala og málakerfi. .

Niðurstaða vinnunnar verður nýtt til að koma skýrt og skilmerkilega til skila til birgjanna hvaða tæknilegu virkni kröfur og gæðaviðmið sveitarfélögin gera til mála- og skjalakerfa svo þau geti betur aðlagð sig að þeim þörfum. Sveitarfélögin geta í framtíðinni notast við þessar upplýsingar í sínum útboðslýsingum og innleiðingarverkefnum. Til að geta nútímavætt þau kerfi sem eru í notkun þarf auk þess að ná sameiginlegri sýn um flokkun gagna, um skjalavinnslu og skjalavörslu.

Markmið:

- Skýrar gæða- og virknikröfur fyrir skjala- og málakerfi
- Sameiginleg sýn um flokkun gagna, skjalavinnslu og skjalavörslu

Ávinningur:

- Betti samningsstaða sveitarfélaga við birgja
- Skýrt samspil skjalavinnslu og skjalavörslu við Microsoft lausnir
- Mikið hagræði og skilvirkari vinnubrögð

Áskorun	Mála- og skjalakerfi sveitarfélaganna eru gamaldags og dýr í rekstri
Greining	Óánægju gætir meðal sveitarfélaga með mála- og skjalakerfin. Snýr sú óánægja að notendaupplifun, ósveigjanleika kerfanna, kostnaði og samskiptum við birgja.
Tillaga	Mótaðar verði sameiginlegar gæða- og tæknilegar virknikröfur fyrir mála- og skjalakerfi með áherslu á þau gæðaviðmið sem sveitarfélögin gera til þróunar kerfanna, auk sameiginlegrar sýnar og flokkun gagna, skjalavinnslu og skjalavörslu.
Nálgun	Sveitarfélögin tilnefni fulltrúa í verkefnishóp sem vinnur með stafræna þróunarteyminu og aðkeyptum sérfræðingi í að móta stefnuna og gæðaviðmiðin.
Mælikvarði árangurs	Lokið verði við gerð stefnu og gæðaviðmiða fyrir 1. október 2022
Tímalengd	8 mánuðir
Framkvæmdaraðilar	Verkefnastýring stafræns umbreytingarteymis (SUT) með vinnuhópi frá sveitarfélögum og aðkeypt vinna.
Fjárfesting	12 milljónir



3. Rafræn skil

Verkefnið snýst um að greina stöðu sveitarfélaga er snýr að skilum gagna til Þjóðskjalasafns og leggja fram aðgerðaráætlun til að gera rafræn skil að raunhæfum kosti fyrir sveitarfélög.

Markmið:

- Gera rafræn skil að raunhæfum kosti fyrir sveitarfélög
- Minnka pappírmagn sem situr í skjalageymslum og grisja með leyfi Þjóðskjalasafns
- Tryggja örugga geymslu gagna

Ávinningur:

- Minnka vinnu við skil gagna
- Lægri kostnaður við geymslu pappírs

Áskorun	Hátt flækjustig við að koma sveitarfélögum í rafræn skil
Greining	Fæst sveitarfélög skila opinberum gögnum rafrænt til Þjóðskjalasafns
Tillaga	Gera rafræn skil að raunhæfum kosti fyrir sveitarfélög
Nálgun	Greina stöðu sveitarfélaga og hvaða fyrirstaða sé til þess að gera rafræn skil að raunhæfum valkosti fyrir sveitarfélögin. Hægt að læra af reynslu þeirra sveitarfélaga sem hafa lokið þessari vegferð eða eru í henni.
Mælikvarði árangurs	Greiningarskýrsla með mótuðum tillögum fyrir 1. júlí 2022
Tímalengd	6 mánuðir
Framkvæmdaraðilar	Verkefnastýring stafræns umbreytingarteymis (SUT) með vinnuhópi frá sveitarfélögum og aðkeypt vinna.
Fjárfesting	12 milljónir

Sameiginlega þjónustubrún

Tvö verkefni voru valin undir markmiðið að fara í sameiginlega þjónustubrún, auk þess sem mikill áhugi er á þriðja verkefninu. Þetta eru verkefni um sameiginlega vinnu um spjallmenni og sameiginlega þróun á umsókn um félagslegt leiguhúsnæði inn á Ísland.is. Þriðja verkefnið sem er í skoðun og er ekki fjallað um hér er sameiginleg skráning í grunnskóla. Ávinningur þess að fara í þessi verkefni sameiginlega getur orðið mjög mikill og felst í lægri þróunar, hýsingar og viðhaldskostnaði lausnarinnar, auk betri notendaupplifun og þjónustu við íbúa.

4. Spjallmenni

Verkefnið snýst um gerð sameiginlegs grunns fyrir spjallmenni þar sem sveitarfélög geta nýtt sömu spurningar og svör (handrit) og sameiginleg kaup á lausn sem aðlöguð er að hverju sveitarfélagi. Í Danmörku hafa 36 sveitarfélög sameinast um þessa vinnu.

Markmið:

- Hanna sameiginlegan grunn spjallmennis



- Kaupa sameiginlega lausn sem aðlöguð er hverju sveitarfélagi
- Fleiri þjónustubeiðnir afgreiddar í fyrstu snertingu án aðkomu starfsfólks

Ávinningur:

- Bætt þjónusta
- Aukið aðgengi íbúa að upplýsingum og þjónustum sveitarfélaga
- Minna álag á starfsfólk
- Lækkun kostnaðar
- Upplifun í takti við nútímann og framtíðina

Áskorun	Upphafskostnaður í kaupum og innleiðingu á spjallmenni er hár.
Greining	Stór hluti af innleiðingu spjallmennis fellst í að skilgreina „handrit“ fyrir það. Stórt hluti af slíku handriti er eins milli sveitarfélaganna og væri hægt að samnýta til að dreifa kostnaðnum á fleiri.
Tillaga	Hanna grunn og kaupa lausn sameiginlega sem gæti gert okkur kleift að setja upp hvert sveitarfélag (og undirstofnanir) innan lausnarinnar.
Nálgun	Sveitarfélögin tilnefni fulltrúa í verkefnishóp sem vinnur með verkefnisstjóra stafræna umbreytingarteymisins og aðkeyptum sérfræðingi að verkefninu
Mælikvarði árangurs	Fjárhagslegur ávinningur (verð á lausn m.v. áætlun) Þjónustuupplifun notenda (mælt með könnun) ≥75% fyrirspurna lokið með svari (notandi spurður í lok samtals)
Tímalengd	6 -8 mánuðir
Framkvæmdaraðilar	Verkefnastýring stafræns umbreytingarteymis (SUT) með vinnuhópi frá sveitarfélögum og aðkeypt vinna.
Fjárfesting	30 milljónir

5. Umsókn um félagslegt leiguhúsnæði

Hanna og þróa sameiginlega sjálfsafgreiðslulausn sem nýtir innviði Ísland.is svo íbúar geta sótt um félagslegt leiguhúsnæði í miðlægri gagnvirkri þjónustugátt þar sem gögn eru sótt sjálfvirk úr grunnskrám ríkisins eins og frá Skattinum og Þjóðskrá. Þar verður einnig hægt að óska eftir gögnum og eiga í samskiptum.

Markmið:

- Hanna og þróa sameiginlega sjálfsafgreiðslulausn sem nýtir innviði Ísland.is
- Hægt sé að gangsetja stafræna umsókn hjá hvaða sveitarfélagi sem er
- Gagnaöflun í gegnum strauminn (x-road)

Ávinningur:

- Lægri hönnunar og þróunarkostnaður

- Lægri hýsingar og viðhaldskostnaður
- Notendavæn lausn og betri þjónusta við íbúa

Áskorun	Flækjustig vegna tenginga við gagnaskrá ríkisins og tengingar við mála og greiðslukerfi sveitarfélaga. Leysist með brautryðjandaverkefni um fjárhagsaðstoð.
Greining	Um 1200 nýjar umsóknir á ári um allt land en staðfesta þarf rúmlega 5000 félagslegar íbúðir um allt land. Áætla má að 4-8 klst. fari í hverja umsókn að meðaltali en hægt væri að helminga þann tíma. Miðlægt kerfi sem sækir gögn í gagnaskrár ríkisins bætir þjónustu við einstaklinga umtalsvert. Búið að hanna eina lausn og setja upp hýsingu fyrir sveitarfélög á Ísland.is. Í um 65% sveitarfélaga fylla íbúar út eyðublað á pappírs eða rafrænu formi.
Tillaga	Prófa lausn á miðlæga þjónustugátt Ísland.is.
Nálgun	Óska eftir þróunarteymum í gegnum útboð Ísland.is.
Mælikvarði árangurs	Lausn sem nýtist öllum sveitarfélögum sett upp árið 2022 og a.m.k. 80% sveitarfélaga geti boðið upp á miðlæga sjálfsgreiðslulausn.
Tímalengd	6 mánuðir
Framkvæmdaraðilar	Verkefnastýring stafræns umbreytingarteymis (SUT) með vinnuhópi frá sveitarfélögum og aðkeypt vinna.
Fjárfesting	40 milljónir

Miðlum og deilum opnum lausnum og þekkingu

Verkefnið snýst um að byggja upp tvær síður á stafræn.sveitarfelog.is, annarsvegar lausnatorg þar sem nettum opnum stafrænum lausnum er deilt milli sveitarfélaga og hins vegar kistan (verkfærakistan) þar sem leiðbeiningum, fyrirmyndum skjala og reynslusögum af stafrænum lausnum er deilt.

6. Lausnartorgið á stafræn.sveitarfelog.is

Verkefnið snýst um að gera aðgengilegar eftirfarandi opnar lausnir árið 2022 inn á stafræn.sveitarfelog.is.

- Áhættumat skólahugbúnaðar
- Sorphirðudagatal
- Reiknivél leikskólagjalda
- Reiknivél dagforeldragjalda
- Reiknivél frístundagjalda
- Reiknivél húsnæðisstuðnings
- Reiknivél fasteignagjalda
- Ábendingagátt
- Reiknivél gatnagerðagjalda
- Snjómoksturs forgangs uppsetning

7. Kistan á stafræn.sveitarfelog.is

Verkefnið snýst um að búa til leiðbeiningar, fyrirmyndir af skjölum og/eða reynslusögur sveitarfélaga um eftirfarandi lausnir.

- Leiðbeiningar um rafrænar undirritanir



- Leiðbeiningar um rafrænar tímabókanir
- Reynslusögu um stafræn kort (sundlaugakort, bókasafnskort og úrgangskort)
- Fyrirmynd af áhættumati hugbúnaðarlausna
- Leiðbeiningar um skjalavinnslu og skjalavörslu
- Leiðbeiningar um rafræn skil

Greiningar hér að neðan á við um allar þær lausnir sem taldar eru upp hér að ofan í flokki 5.

Áskorun	Of dýrt eða ekki mannaflí innan sveitarfélaga til að fara í verkefni. Birgjar vefkerfis neiti uppsetningum eða geri þær erfiðar.
Greining	Fá sveitarfélög hafa tæknifólk í sínum snærum til að búa til nettar lausnir sem bæta þjónustu sveitarfélaga. Mikið hagræði fólgid í því að deila þeim milli sveitarfélaga. Sveitarfélög kosta þá bara til uppsetningar á lausn á sinn vef.
Tillaga	Lausnar sett upp með upplýsingum, kennsluefni og kóða á aðgengilegan hátt miðlægu lausnartorgi stafræn.sveitarfelog.is Leiðbeiningar, fyrirmyndir skjala og reynslusögur settar upp á kistan á stafræn.sveitarfelog.is
Nálgun	OS2.eu hugmyndafræði samstarfs Dana nýtt við uppsetningu og nálgun
Mælikvarði árangurs	Fjöldi lausna og skjala settur upp á vef stafræn.sveitarfelog.is og fjöldi sveitarfélag sem taka upp lausnirnar árið 2022

Önnur verkefni stafræns umbreytingarteymis og fjárfestingar

Auk þeirra verkefna sem tilgreind eru í þessu skjali vinnur stafrænt umbreytingarteymi að því að byggja upp innviði inn á Ísland.is fyrir sveitarfélögin og viðhalda þeim lausnum sem þar eru settar upp fyrir sveitarfélögin. Halda upplýsandi viðburði og byggja upp stafræna umbreytingu sveitarfélaga í samvinnu við faghóp um stafræna umbreytingu og stafrænt ráð sveitarfélaganna.